

# Úthlutunarreglur ferða- og menntunarstyrkja Myndstefs

Samþykktar á stjórnarfundum 13. okt 2021

1. Rétt til að sækja um ferða- og menntunarstyrk hafa myndhöfundar í Myndstefi og aðrir starfandi myndhöfundar. Myndhöfundur er sá sem **skapar** myndverk er nýtur verndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972. Sköpun er sérstök andleg iðja sem fullnægja verður vissum lágmarksskilyrðum varðandi frumleika og afrakstur sköpunarinnar er verk. Myndverk geta verið: myndlistarverk, málverk, gjörningar, tvívíð verk, þrívíð verk, skúlpturar, gjörningar, vídeó verk, hljóðverk, ljósmyndir, áhugamannaljósmyndir, fatahönnun, vöruhönnun, grafísk hönnun, margmiðlunarhönnun, búningahönnun, leikmyndahönnun, skargripahönnun, húsgagnahönnun, arkitektúr, nytjalist, teikningar, uppdrættir og önnur sjónlist.
2. Styrki skal veita til ferða sem umsækjandi fer vegna starfa sinna sem myndhöfundur eða til að leita sér menntunar sem slíkur, bæði innanlands og erlendis. Félög eða hópar geta ekki sótt um ferða- og menntunarstyrk. Veita má styrki til ferða á ráðstefnur, til þátttöku á námskeiðum eða vegna sýningarhalds.
3. Hægt er að sækja um styrk vegna ferðar eða menntunar sem hefur átt sér stað, en skilyrði er að ferðin eða menntunin fari fram/verði farin á árinu eða innan árs frá styrkveitingu.
4. Umsækjandi skal veita eftirfarandi skriflegar upplýsingar í gegnum styrkumsóknarform á heimasíðu Myndstefs:
  - a) Hvert hyggst umsækjandi ferðast og í hvaða erindagerðum?  
(að hámarki 1000 stafabil – hér skal tilgreina tímabil og tilhögun, sem og lýsa áætluðum ávinningi þeim sem hlýst af ferðinni eða náminu fyrir myndhöfund)
  - b) Áætlaður fargjalda- og heildarkostnaður við ferðina:  
(að hámarki 400 stafabil - Hámark fjárhæðar ferða- og menntunarstyrks Myndstefs er 150.000 kr en umsækjandi fær þó ekki hærra styrk en sótt er um. Hér skal sérstaklega tilgreina hvort sótt sé um styrk til þáttökugjalda, námskeiðsgjalda, kennslugagna, efniskostnaðar, dvalarkostnaðar eða annarra gjalda, og/eða einungis beinna fargjalda)
  - c) Fær umsækjandi aðra styrki eða fyrirgreiðslur vegna ferðalags/námskeiðis/menntunar/annað?  
(að hámarki 400 stafabil – hér skal tilgreina hvort umsækjandi hafi sótt um aðra styrki til verkefnisins og stöðu þeirrar fjárveitingar)
  - d) Umsækjandi geri stutta grein fyrir ferli sínum sem myndhöfundur  
(að hámarki 800 stafabil – hér er gott að láta hlekki fylgja með sem tilgreina fyrri verkefni höfundar, eða á heimasíðu/portfolio)

Ef umsækjandi vill koma á framfæri ferilskrá, fjárhagsáætlun, portfolio, prototýpu, sýningarskrá eða öðru skal senda slíkt sem rafrænt fylgigagn með umsókn. Ef umsækjandi vill skila inn fylgigögnum ápreifanlega, getur hann gert það til skrifstofu Myndstefs innan auglýsts umsóknarfrests. Slíkum fylgigögnum verður eytt mánuði eftir að niðurstaða nefndar liggur fyrir, hafi þau ekki verið sótt.

5. Sérstök úthlutunarnefnd sér um afgreiðslu styrkbeiðna og ákvörðun styrkveitinga. Öllum umsóknum er svarað. Stjórn Myndstefs kys þrjá fulltrúa í úthlutunarnefnd til tveggja ára í senn. Sömu fulltrúar skulu ekki sitja lengur í úthlutunarnefnd en tvö ár í senn. Leitast skal við að gæta jafnræðis milli fagstétta við kosningu nefndarmanna. Skal fjölbreytni ráða ríkjum milli ára, þannig að bakgrunnur og þekking nefndarmanna sé sem fjölbreyttust og áherslur breytilegar milli nefnda. Úthlutunarnefnd kys formann úr sínum hópi á fyrsta fundi hverrar úthlutunarnefndar.
6. Stjórn Myndstefs setur úthlutunarnefnd nánari starfsreglur ef þurfa þykir og ákveður heildarstyrksupphæðir fyrir hverja úthlutun. Einungis er heimilt að sækja um þá fjárhæð. Ef öllu úthlutunarfé er ekki úthlutað skv. ákvörðun nefndarinnar geymist mismunur til næstu úthlutunar.
7. Ef umsókn mætir ekki skilyrðum úthlutunarregla Myndstefs eða ef umsókn er ekki fyllt út skv leiðbeiningum og reglum áskilur nefndin sér rétt til að hafna henni. Úthlutunarnefnd er ekki skylt að rökstyðja ákvörðun sína að úthlutun lokinni.
8. Þeir sem hlotið hafa ferða- og menntunarstyrk frá úthlutunarnefnd Myndstefs skulu gera skriflega grein fyrir ráðstöfun fjárins í þar til greindri skilagrein, eigi síðar umsóknarfrestur styrkja næsta árs rennur út. Frekari styrkveitingar eru háðar því að styrkþegi hafi skilað skilagrein vegna ráðstöfun fyrri styrkjas og að styrknum hafi verið varið til verkefnisins í samræmi við upphaflegan tilgang.
9. Úthlutun ferða- og menntunarstyrkja skal auglýst að loknum aðalfundi Myndstefs og skal umsóknarfrestur tilkynntur í auglýsingu. Umsóknir sem berast utan auglýstan umsóknartíma verða ekki teknar til afgreiðslu. Úthlutun fer eigi síðar fram en 2 mánuðum eftir auglýsingar umsóknarfrest.